

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðin biðskylda á ónefnda götu við Hótel Sögu gagnvart Birkimel.

Ákvörðun þessi tekur gildi 25. janúar 1989.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 6. janúar 1989.

Böðvar Bragason.

12. janúar 1989

Nr. 15

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri, vélskelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. júní 1988 til 31. maí 1989 nema annað verði ákveðið.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri vélskelflettri rækju á framleiðslutímabilinu frá 1. júní 1988 til 31. maí 1989 nema annað verði ákveðið.

Vélskelflett rækja:

SDR pr. lb. cif.

Færri en 350 stk. í lb.:

Blokkfryst	3,72
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð, sérfryst	3,73
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,89
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,32
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,54

Fleiri en 350 stk. í lb. og óflokkuð:

Blokkfryst	3,55
5×2 kg og 4×2,5 kg vatnshúðuð	3,55
5×2 kg og 4×2,5 kg óvatnshúðuð, sérfryst	3,73
500 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,11
200 gr vatnshúðuð, sérfryst	4,32

Verðbil verður 5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 50% af verðbreytingu frá grundvallarverði að teknu tilliti til verðbils. Verðið miðast við viðskiptagengi (skilagengi) eins og það er á hverjum tíma.

Sjávarútvegsráðuneytið, 12. janúar 1989.

F. h. r.
Jón B. Jónasson.

Kristín Magnússon.